

kröfur aðilja, er það skoðun fógeta, að aðfararheimildin í máli þessu hljóði um skyldu gerðarþola til að gefa út gerðarbeiðanda til handa lóðarleigusamning nákvæmlega orði til orðs eins og hæstaréttarskjal merkt G, en þetta skjal, sem á sínum tíma var gert af hálfu gerðarbeiðanda, er eins og hið staðfesta endurrit samningsins frá 6. febrúar 1948 að breyttu breytanda.

Þar sem gerðarþoli hefur nú gefið út slíkan lóðarleigusamning til handa gerðarbeiðanda um hið umrædda land og lýst því yfir við munnlegan málflutning, að lóðarleiga verði aðeins krafín frá útgáfudegi hans, ber að telja samkvæmt framansögðu, að hann hafi komið fram með þær efndir, sem dómurinn hljóðar um.

Eftir þessu verður því að synja aðfarar hjá gerðarþola eftir túlkun og skilningi gerðarbeiðanda á greindum dómi.

Með tilvísun til forsögu málsins og allra málsatvika þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ályktunarorð:

Synja ber um framgang aðfarar hjá gerðarþola.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 22. maí 1970.

Nr. 220/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Ástvald Bern Valdimarssyni

(Árni Halldórsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sigmundur Böðvarsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Angantýr Eliasson og Einar Guðmundsson skipstjórar hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Höndum hefur mjög verið kastað til við rannsókn máls þessa, áður en hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp, og einnig við samningu héraðsdómsins. Málefnaýsingu þar er mjög ábótavant, framburðir varðskipsmanna og ákærða lítt raktir og einskis getið framburða þeirra fjögurra skipverja á v/b Jóni Eiríkssyni, SF 100, sem fyrir dóm komu og báru vætti.

Eftir uppsögu héraðsdóms var háð framhaldsrannsókn í málinu, og komu þá af nýju fyrir dóm yfirmenn varðskipins og gáfu frekari skýrslur um málsatvik, en eigi voru ákærða kynntir framburðir þessir og þeir börnir undir hann.

Þá er í héraðsdómi eigi farið eftir ákvæðum XVI. kafla laga nr. 82/1961 um sakarkostnað.

Að svo vöxnu máli ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til frekari rannsóknar og dómsálagningar af nýju.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja á ríkissjóð allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur, og er málinu vísað heim í hérað til frekari rannsóknar og dómsálagningar af nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 12. september 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins í dag, á hendur skipstjóranum á vélbátnum Jóni Eiríkssyni, SF 100, Ástvald Bern Valdimarssyni, Svalbarði 7, Höfn, Hornafirði, „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flot-

vörpu, sbr. lög nr. 21/1969 um breytingu á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum bát aðfaranótt fimmtudagsins 11. september 1969 út af Ingólfshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurnefndrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. 2. gr. nefndra laga nr. 21/1969, sbr. að öðru leyti reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1964 og auglýsingu nr. 4/1961. Ákærast því nefndur Ástvald Bern til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði, Ástvald Bern Valdimarsson, er talinn fæddur 12. júlí 1933 og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Í skýrslu Landhelgisgæzlunnar, undirritaðri af skipherra varðskipsins Óðins, dags. 11. september 1969, segir á þessa leið:

„Fimmtudaginn 11. september 1969 var m.b. JÓN EIRÍKSSON, SF 100, staðinn að meintum ólöglegum togveiðum út af Ingólfshöfða.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Kl. 0300, er varðskipið var á A-leið SV af Ingólfshöfða, sást bátur grunsamlega nærri landi. Var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfði, fjarl. 5.4 sjóm.

Næsta land, fjarl. 4.1 sjóm.

Báturinn r/v 044, fjarl. 6.2 sjóm., gefur það stað bátsins um 1.0 sjóm. frá landi.

Kl. 0305 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfði, fjarl. 4.05 sjóm.

Næsta land, fjarl. 3.3 sjóm.

Báturinn r/v 045°, fjarl. 4.75 sjóm., gefur það stað bátsins um 1.0 sjóm. frá landi.

Kl. 0320 sáust hlerar í gálgum, skipverjar að innbyrða vörpunum og einkennisstafir bátsins, SF 100.

Kl. 0322 var varpan komin inn.

Kl. 0323 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við hlið bátsins:

Ingólfshöfði r/v 300°, fjarlægð 1.2 sjóm., dýpi 44 m, gefur það stað skipanna um 1.2 sjóm. frá landi. Skipstjóra bátsins sagt, að

hann væri staðinn að meintum ólöglegum togveiðum, og sagt að halda til Vestmannaeyja.

Staðarákvarðanir voru gerðar með KH 14/9 ratsjá af skip-herra, 2. og 3. stýrimanni.

Lausi fjarlægðarhringurinn á ratsjónni var borinn saman við föstu hringina og reyndist réttur.

Veður: Logn, sjór 2, léttskýjað“.

Skipherra varðskipsins, Próstur Sigtryggsson, mætti fyrir sakadómi Vestmannaeyja og kannaðist við undirskrift sína á skýrslunni og kvað hana rétta. Einnig mættu II. og III. stýrimaður varðskipsins, og kváðu þeir skýrsluna rétta.

Er ákærði kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja, kvaðst hann ekki vefengja staðarmælingar varðskipsins. Hins vegar kvaðst hann ekki hafa verið að togveiðum í umrætt skipti, og er sú staðhæfing hans studd eiðfestum framburðum annarra skipverja bátsins, er komu fyrir sakadóm Vestmannaeyja. Hefur því ákærði ekki gerzt sekur um brot gegn 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 1. gr. laga nr. 21/1969.

Af framburði ákærða fyrir dómi er ljóst, að veiðarfæri hafa ekki verið í búlka innanborðs, og hefur því ákærði gerzt sekur um brot á 2. gr. laga nr. 62/1967, sbr. 4. gr. laga nr. 21/1969, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 3/1961.

Vélbáturinn Jón Eiríksson, SF 100, er samkvæmt alþjóðamælibréfi bátsins, dags. 26. júlí 1965, 101.41 brúttórúmllestir.

Samkvæmt síðustu opinberum skýrslum nema 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Samkvæmt framansögðu eru ekki skilyrði til þess að láta ákærða sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., laga nr. 62/1967.

Hins vegar þykir rétt samkvæmt heimild í 118. gr. i.f. laga nr. 82/1967 að láta ákærða sæta refsingu fyrir brot á 2. gr. laga nr. 62/1967, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og þykir refsing samkvæmt 2. mgr. 4. gr., nú 5. gr., nefndra laga, sbr. 7. gr. nefndrar reglugerðar, hæfilega ákveðin kr. 20.000.00 til Landhelgissjóðs Íslands.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Ákærði greiði kr. 20.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Ís-

lands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. maí 1970.

Nr. 189/1969. **Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f**
(Sveinn Snorrason hrl.)

gegn

Karli Jónssyni og Jóni Ingiberssyni f. h.
Þrotabús Friðriks Jörgensens og
Unnsteini Beck, skiptaráðanda í Reykjavík
(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Unnsteinn Beck borgarfégeti hefur framkvæmt hina áfrýjuðu dómsathöfn.

Áfrýjandi hefur með stefnu 23. október 1969 skotið til Hæstaréttar ákvörðun skiptadóms Reykjavíkur frá 5. febrúar 1969 um að heimila höfðun máls til riftunar viðskiptasamnings. Kærumáli milli sömu aðilja um sama efni var vísað frá Hæstarétti hinn 26. september 1969. Áfrýjunarheimild 36. gr. laga nr. 57/1962 er því skilyrði háð, að frávisuðu máli hafi áður verið áfrýjað innan lögmæltis áfrýjunarfrests, en heimildin tekur ekki til málskots með kæru. Samkvæmt 2. mgr. 96. gr. skiptalaga nr. 3/1878 er áfrýjunarfrestur 12 vikur. Þessi frestur var liðinn, þegar áfrýjunarstefna var gefin út, og áfrýjandi hafði ekki aflað sér áfrýjunarleyfis. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.